

17. nóvember 2020



# Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

| Stjórnarráð Íslands  
| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

# Markmið og framkvæmd

- Markmiðið er að styrkja sveitarstjórnarstigið með því að stuðla að sameiningum sveitarfélaga og búa til sterkari heildir.
- Aukið fjármagn verður sett í framlög vegna sameiningar til að ná settu markmiði.
- Sveitarfélög munu eiga kost á að sækja um sameiningarframlag þangað til þarnæstu kosninga.
- Framlagið greiðist á sjö árum frá og með sameiningarári.
- Gert er ráð fyrir að um 15 ma.kr. verði veitt í framlög á tímabilinu.




# Ný reglugerð og skipting framlaga

- Við gildistöku á reglum nr. 728/2020 féllu úr gildi fyrri reglur um sama málefni sem höfðu staðið nánast óbreyttar frá árinu 2003.
- Framlögin skiptast í eftirfarandi:
  - a) Undirbúningur og framkvæmd sameiningar.
  - b) Óskert tekju- og útgjaldajöfnunarframlög
  - c) Skuldajöfnunarframlag.**
  - d) Endurskipulagning þjónustu og stjórnsýslu.**
  - e) Byggðaframlag → Nýtt framlag.**
- Helstu breytingar eru útreikningar á skuldajöfnunarframlögum, fast framlag vegna endurskipulagningar og sérstakt byggðaframlag.





## Kostnaðarpáttaka



## Skuldajöfnunarframlög - ný aðferð

- Breyttir útreikningar miða að því að notað verði til grundvallar opinbera skuldaviðmiðið í A-hluta.
- Skuldaviðmiðinu er skipt upp í fjóra parta og er kostnaðarpáttakan mismikil, sem eykst eftir því sem skuldaviðmiðið hækkar.
- Hámarksframlag verður 400 m.kr.
- Lagt er til að minnsta kosti 80% af skuldajöfnunarframlagsins fari í beina niðurgreiðslu skulda.




# Skuldajöfnunarframlag - dæmi

Dæmi: Langanesbyggð er með tekjur upp á 745 m.kr. og fjárhæð skuldaviðmiðs er 752 m.kr. (hlutfallið er því 101%), reiknað skuldajöfnunarframlag er 246 m.kr.

Skuldaviðmið	Fjárhæð til útreiknings	Kostnaðarpátttaka	Skuldajöfnunarframlag
Yfir 100%	7	60%	$7 \times 60\% = 4$
50-100%	373	45%	$373 \times 45\% = 168$
25-50%	186	30%	$186 \times 30\% = 56$
0-25%	186	10%	$186 \times 10\% = 18$
<b>Samtals</b>	<b>Skuldaviðmið = 752</b>		<b>Framlag = 246</b>



## Skuldaviðmið og kostnaðarpáttaka



## Skuldajöfnunarframlög - dæmi

- Skuldaviðmið er 101% og skuldajöfnunarframlag reiknast sem 33% af tekjum.
- Ef 80% af framlaginu færi beint í niðurgreiðslu skulda myndi það jafngilda því að skuldaviðmiðið lækkaði úr 101% niður í 75%.

# Endurskipulagning á þjónustu og stjórnsýslu

- Framlag vegna endurskipulagningar er veitt núna á grundvelli umsókna. Gerð er sú breyting að framlagið verður föst upphæð sem ekki þarf að sækja um sérstaklega.
- Greitt verður fast framlag á hvert sveitarfélag að fjárhæð 100 m.kr. óháð hversu mörg sveitarfélög sameinast. Ef fjögur sveitarfélög sameinast fá þau 400. m.kr.
- Þetta er talsverð hækkun frá því sem áður hefur verið. Við sameiningu Sandgerðis og Garðs var veitt framlag upp á 100 m.kr. en við breytingu hækkar framlagið upp í 200 m.kr.
- Framlagið nýtist fyrst og fremst til endurskipulagningar en á sama tíma felast tækifæri í að efla þjónustu við íbúa.

# Byggðaframlag

- Sérstakt byggðarframlag verður veitt hjá þeim sveitarfélögum þar sem fjölgun íbúa hefur ekki fylgt árlegri meðalfjölgun yfir landið.
- Íbúatölur síðustu fimm ára eru notaðar til útreiknings og ef sveitarfélag er undir hlutfallslegri meðalfjölgun er fundið hversu marga íbúa vantar upp á til ná meðalfjölgun.
- Fyrir hvern íbúa sem bæta þarf við til að ná meðalfjölgun er framlag upp á 500 þús.kr. Hjá þeim sveitarfélögum þar sem hefur verið íbúafækkun hækkar framlagið í 1 m.kr. Framlagið getur hæst orðið 200 m.kr.
- Meðalfjölgun síðustu fimm ára er 2,04% á ári og er meirihluti sveitarfélaga undir því marki.







## Árleg meðalfjölgun síðustu fimm ára

